



Alþingi
Erindi nr. P 139/2187
komudagur 2.5.2011



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Reykjavík, 2. maí 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á vatnalögum nr. 15/1923, með síðari breytingum, og lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum, 720. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins leggja eindregið gegn því að frumvarp þetta verði að lögum.

Með frumvarpinu eru lagðar til grundvallarbreytingar á ákvæðum laga um heimildir ríkis, sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu til að veita öðrum tímabundinn afnotarétt af vatnsafla og jarðhita. Nú getur hinn tímabundni afnotaréttur staðið í 65 ár og auk þess fylgir réttur til að hefja samninga um framlengingu þegar helmingur tímans er liðinn. Með frumvarpinu er lagt til að afnotaréttur vatnsafls geti staðið í 40 ár og jarðhita í 30 ár. Auk þess fylgir forgangsréttur um framlengingu til 20 ára að uppfylltum matskenndum skilyrðum sem sækja má um tveimur árum áður en upphaflegur afnotaréttur rennur út. Í raun þýða ákvæði frumvarpsins að sá sem semur um afnotaréttinn getur einungis gengið út frá hinum skemmri tímamörkum þ.e. 40 ár og 30 ár.

Ekki verður séð að nein sérstök rök né málefnaleg sjónarmið fylgi því að ákveða tiltekin tímamörk á afnotarétti. Athygli vekur að ekki fylgir í greinargerð með frumvarpinu neitt mat á því hvaða áhrif skemmri afnotaréttur hefur og er nauðsynlegt að úr því verði bætt því afleiðingarnar geta verið viðtækar og jafnvel ófyrirséðar.

Verði frumvarpið að lögum geta afleiðingarnar orðið margvíslegar:

1. Markmiðið með frumvarpinu er augljóslega ekki að hámarka tekjur leigusalans því þá yrði leigutíminn samningsatriði og hugsanlega hluti af útboðs- eða leiguskiðmálum. Mikil hættu er að þröng tímamörk afnotaréttar leiði til lægra gjalds fyrir afnotin. Þrátt fyrir að fjármálaráðuneytið haldi því fram í umsögn sinni að frumvarpið hafi ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs er líklegt að lagasetningin yrði til þess að draga úr tekjum ríkissjóðs, sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu vegna leigu á afnotarétti af auðlindum.
2. Mismunur skapast milli þeirra orkufyrirtækja sem þegar hafa ótímabundinn afnotarétt s.s. Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur og Orkusölnunnar (Rarik) og þeirra sem ný koma. Þessi fyrirtæki þurfa ekki heldur að greiða neitt gjald fyrir afnotin. Það orkuverð sem byggt verður á tímabundnum afnotarétti, sem greitt verður gjald fyrir, verður augljóslega annað og hærra en það sem byggir á ótímabundnum gjaldfrjálsum afnotarétti þeirra sem fyrir eru. Nauðsynlegt er að meta annars vegar hvernig þetta standist ákvæði samkeppnislaga, ákvæði laga um orkumarkaðinn og auk þess vaknar spurning um hvort þeir kaupendur orku sem njóta lægra raforkuverðs hinna opinberu fyrirtækja njóti opinberra styrkja í skilningi Evrópuréttar.



3. Það mun skapast mismunun milli jarðhita og vatnsafls. Raforkukaupandi sem semur við aðila með tímabundinn afnotarétt jarðhita verður augljóslega að greiða hærra verð en ef samið er við aðila með afnotarétt af vatnsafl.
4. Í greinargerð eru færð þau rök að eðlilegt sé að lengri afnotaréttur gildi fyrir vatnsafl en jarðhita vegna þess að meiri óvissa fylgi nýtingu jarðhitans og að minni þekking sé á nýtingu hans. Það er hins vegar rétt að benda á að vegna meiri óvissu og minni þekkingar geti verið réttlátt að lengri afnotaréttur gildi um jarðhita en vatnsafl. Enda háttar þannig til að jarðhitavirkjanir á tilteknum svæðum hafa verið byggðar upp í smáum skrefum á löngum tíma sbr. virkjanir í Svartsengi og við Kröflu. Það byggist upp þekking á svæðunum eftir því sem vinnsla vindur fram og víst að ekki verður mjög eftirsóknarvert að reisa virkjun og standa fyrir langtímauppbyggingu á svæði þar sem ekki verður lengra séð en 30 ár fram í tímann. Þannig er hætt á að auðlindanýtingin verði óhagkvæmari en ella, þörf verði á að taka ný svæði til vinnslu og að sjálfbær vinnsla verði ekki það leiðarljós sem stefnt er að með frumvarpinu.
5. Nauðsynlegt er að kveða á um skýlausan rétt leigutaka til framlengingar hafi hann staðið við ákvæði samnings um afnotarétt. Þessi réttur þarf að vera til staðar því fyrr á afnotatíma sem hann er skemmri. Matskennd ákvæði sem veita leigusala rétt til að neita um framlengingu eru einungis til þess fallin að lækka endurgjald fyrir afnotaréttinn og hækka orkuverð auk þess sem áreiðanlega mun draga úr áhuga til að nýta auðlindirnar.
6. Í frumvarpinu er alveg látið hjá líða að fjalla um hvernig fara skuli með orkuverin að samningstíma liðnum. Ef hugsunin er sú að þau gangi til eiganda auðlindarinnar þá verður að fjalla um endurgjald til eigenda ef ætlunin er að nýta orkuverin áfram. Varla er það ætlunin að handhafi afnotaréttar sjarlægí orkuverin að samningstíma liðnum. Hér er augljóslega um að ræða atriði sem getur haft lykiláhrif á hvort tiltekin auðlind verður yfirhöfuð nýtt eða ekki.
7. Afnotaréttur í 30 eða 40 ár er mun skemmri en samræmist hefðbundnum afskriftatíma virkjana og gefur tilefni til mun hærra orkuverðs en ella. Auk þess er þessi skammti tími í engu samræmi við hve langan tíma uppbygging fullrar nýtingar jarðhitasvæða tekur og hefur sams konar áhrif og skammur afskriftatími.
8. Augljóst er að lagasetning sem þessi hefur áhrif á samkeppnishæfni íslenskra orkulinda á alþjóðlegum orkumarkaði og mun leiða til hærra orkuverðs bæði til fyrirtækja og almennings.

Það er skoðun Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins að hér sé á ferðinni frumvarp sem valdið getur miklum skaða ef að lögum verður og er því skorað á Alþingi og ríkisstjórn að taka þessi mál til nánari skoðunar þar sem augljóslega þarf að leggja miklu frekara mat á áhrif frumvarpsins áður en unnt verður að taka það til afgreiðslu.

Virðingarfyllt,

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Vilhjálmur Egilsson

F.h. Samtaka iðnaðarins

Orri Hauksson